

Stjórnarfundur LEB 13.september 2019 nr. 322

Kl. 10.30- 13.30 Hressing og fundur.

MÆTT: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson, Dagbjört Höskuldsdóttir, Ellert B. Schram, Ingólfur Hrólfsón.

Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt og undirrituð.

1. Nýr starfshópur hefur göngu sína í dag í Félagsmálaráðuneytinu
Stafshópurinn skipa: Ingibjörg Ólöf Isaksen, án tilnefningar, formaður, Arnar Þór Sævarsson, án tilnefningar, Guðlaug Einarsdóttir, tilnefnd af heilbrigðisráðuneyti, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, tiln af Landsambandi eldri borgara, Haukur Halldórsson, tiln af Landsambandi eldri borgara, Þorbjörn Guðmundsson, tiln af Landsambandi eldri borgara, Bergþóra Benediktsdóttir, tiln af forsætisráðuneyti, Steingrímur Ari Arason, tiln af fjármálaráðuneyti.

Verkefni hópsins er að fjalla um:

- Hvernig öldrunarþjónustu verði best háttáð
- Lífskjör aldraðra, þar á meðal hvernig eldri borgarar geti aukið ráðstöfunartekjur sínar með aukinni atvinnuþáttöku og frestun töku lífeyris
- Lífsskilyrði aldraðra, aldursvænt samfélag og hvernig draga megi úr líkum á félagslegri einangrun aldraðra - Hvernig nýta megi nútímatækni betur í þágu aldraðra
- Hvort ástæða sé til að breyta því fyrirkomulagi sem nú er í gildi varðandi greiðsluþáttöku aldraðra íbúa á hjúkrunarheimilum
- Stytta biðtíma eftir hjúkrunarrými og bæta þjónustu við íbúa.

Nefndinni er heimilt að skila áfangaskýrslum en endanlega á að skila niðurstöðum 2021. Fyrsti fundur verður í dag.

Haukur ræddi um að slæmt væri að hópurinn hefði ekki tekið til starfa fyrr en nú, ekki síst vegna gerð fjárlagafrumvarps, en þetta starf mun væntanlega ekki komast neitt inn í gerð þess þetta árið. Þessir punktar starfshópsins falla mjög vel af ályktunum síðasta landsfundar LEB.

Haukur og Þórunn sögðu frá því sem þau myndu leggja áherslu á á fyrsta fundinum, þau munu leggja inn í hópinn ályktanir landsþingsins og fylgja þeim eftir.

2. Skattatillögur skoðaðar

Haukur fór yfir umræður og útreikninga sem hafa verið í fréttablöðum. Hans niðurstaða er að á næsta ári verði enginn hækkun á ráðstöfunartekjunum til þeirra lægst launuðu, sem aðeins eru á strípuðum bótum frá tryggingarstofnun. En á árinu 2021 verður ávinningurinn 7 -10 þúsund. Gert er ráð fyrir 3,5% hækkunar bóta á næsta ári meðan launahækkun almennt er 5,7 %, Reyna verður að ná fram breytingum fyrir afgreiðslu fjárlaga. Urðu líflegar umræður um skilgreiningu á fátækt og sárafátækt sem stór hluti ellilífeyrispega býr við. Rétt er að fara fram á hjá ASI að fá útreikninga á áhrifum fjárlaga á hag aldraðra.

Samþykkt að leita beri líka eftir gögnum frá óháðum aðilum sem mun kosta eitthvað.

3. Nefndir LEB endurskoðun og tillögur um fólk

Kjaranefnd: Haukur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Ólafur Örn Ingólfsson, þá vantar tvær konur. Þórunn mun leita eftir þeim.

Laganefnd bíður og *uppstillingarnefnd*.

Velferðarnefnd: Dagbjört Höskuldsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir. Leitað verði eftir þrem í viðbót, og reyna að virkja fólk úr félögunum hér í kring.

Ritnefnd: Ingólfur Hrólffsson, Valgerður Sigurðardóttir, Stefanía Magnúsdóttir. Vantar tvo í viðbót en Erna Indriðdóttir mun ritstýra blaðinu.

Samráðsnefnd við tryggingrstofnun: Hrafn Magnússon, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og Ingólfur Hrólffsson.

Velferðarvaktin: Dagbjört Höskuldsdóttir.

4. Samtal við Landlækni út frá umræðum á síðasta fundi um umræður um hjúkrunaheimilin og vanda þeirra.

Þórunn og Viðar Eggertsson fóru á fund með Landlækni. Mjög góður fundur þar sem þau kynntu fyrir landlækni umræður og áhyggjur stjórnarinnar yfri þeim slæmu dæmum sem hafa verið í fjölmiðlum síðustu misseri. Hrafnista er búin að skipa Stefaníu Egilsdóttir umboðsmann aldraðra sem taka á á móti umkvörtunum um aðstöðu fólks á hjúkrunarheimilunum hjá þeim. Gæta þarf að fyrirhuguðum breytingum á starfi og greiðsluþáttöku sjúklinga hjá sjúkrahjálfa. Ingólfur vakti máls á hvort til stæði að minnka þjónustu heilsugæslunnar við heimahjúkrun.

5. Næsti landsfundur tillaga um stað og dagsetningu

Rætt hefur verið um Mosfellsbæ en tæplega er salurinn í Hlégarði nógu stór. Þórunn mun hafa samband við Reykjanesbæ. Rætt hefur verið um 28 apríl.

6. Næsta blað

Rætt við Ernu um að taka þetta næsta blað allt. Visað er í bókun á 3 lið.

7. Velferðartækni og útgáfa bæklinga/ og næsta verkefni er enn í vinnslu

Bæklingur er í yfirlestri. Verið er að vinna að skoðun á félagslegri þáttöku eldra fólks af erlendum uppruna en mjög lítil þáttaka þess hefur verið í því sem uppá er boðið. Vinnan er unnin í samráði við Reykjavíkurborg.

8. Ipad og eða Android?

Næsta hefti komið og viðræður við Reykjavíkurborg í höfn/fleiri aðilar. Android bæklingurinn er kominn í yfirlestur og mun verða tilbúinn í dreifingu fljótlega. Við viljum stuðla að því að hann farai í dreifingu í félagsmiðstöðvunum í Reykjavík og líka víða um land. Verður útgáfan kynnt rækilega þegar þar að kemur.

9. Lýsa á Akureyri 6. -7. september frásögn

Dagbjört sendi inn skýrslu til stjórnarinnar.

10. Hringbraut og næstu þættir þar tilboð til okkar

Þórunn mun ræða frekar við stjórnanda þáttarins um hvaða áhrif LEB myndi hafa og hvort hægt verði að ná samningum um kostnaðinn.

11. Breytt starf á skrifstofu LEB.

Viðar Eggertsson hefur verið ráðinn í 35 % stöðu, sinni heimasíðunni og Fb síðunni ásamt skrifstofustörfum. Ráðningin mun gilda til áramóta. Gerður verður starfslýsingarsamningur við hann.

Valgerður Sigurðardóttir gjaldkeri LEB mun taka að sér endurskoðun á bókhaldslyklum og yfirferð á bókhaldi. Verður henni greitt í samræmi við greiðslur til gjaldkera s.l ára. Athugað verði um breytt fyrirkomulag á bókhaldi LEB.

Ellert greindi frá því að Feb í Reykjavík sæi nú fyrir endann á að komast frá uppgjöri vegna Árskóga. Það hefur haft í för með sér mikinn

aukagjöld. Hann fór fram á ákveðinn skilning LEB á að ef til vill þurfi að sýna ákveðna biðlund vegna greiðslu félagsgjalda til LEB. Voru allir sammála því að verða við þeim tilmælum.

Haukur sagði að starfsmaður LEB færi vel af stað, mikið væri komið inn af upplýsingum og viðburðardagatal á heimasíðuna.

12. Önnur mál

Rætt um að hafa næsta stjórnarfund í október þann ca 22. eða 23 .

Fleira ekki gert – fundi slitið.

Dagbjört Höskuldsdóttir, ritari stjórnar.